

Sjálfstæðisflokkurinn og staða drengja – birtist í Mbl 8. Október 2018

Á landsþingi Sjálfstæðisflokksins fyrir skömmu var samþykkt ályktun þess efnis að huga skyldi að stöðu drengja í íslensku samfélagi. Veik staða drengja hefur verið þekkt í áratugi. Þegar fyrir síðustu aldamót benti Áspór Ragnarsson, sálfræðingur, á nokkur veigamikil atriði í þessu efni. T.d. lætur nærri, að drengir og ungir karlmenn týni lífinu af slysförum fjórum sinnum oft en stúlkur. Fjöldi þeirra þarfnast sérkennslu eða séraðstoðar í skólakerfinu og tengdum stofnunum. U.þ.b. níu af hverjum tíu, sem fangelsisdóm hljóta, eru ungir karlar. Erlendar rannsóknir benda til; að um þriðjungur drengja á glapstígum búi við námsörðugleika; að þriðjungur fanga (að mestu drengir) sé þroskaheftur; að um 0.1% drengja hafi erfðagalla (XYY, sem oft og tíðum veldur skertri greind og hegðunarvandkvæðum); að einhverfa sé margfalt algengari en hjá stúlkum.

Niðurstöður rannsókna erlendis um svipað leyti sýna, að karlar eru hið veikara kyn. Hlutfall þeirra er ævinlega hærra í hópi sjúklinga, sem haldnir eru öllum algengustu sjúkdómum. Þekkt er sú staðreynd, að karlmenn fremji sjálfsvíg um það bil fjórum sinnum oft en heldur en konur; verði nær þrisvar sinnum oft fyrir slysum; séu myrtir tvöfalt oft; neyti lífshættulegra vímuefna miklu oft.

Vísbendingar sjást einnig um, að geðheilsu drengja/karla hraki. T.d. virðist aukið algengi geðklofa eða kleyfhugasýki meðal ungra karlmanna hafa átt sér stað frá því um 1970. Á Vesturlöndum eykst sömuleiðis algengi lystarstols meðal drengja.

Hvað veldur, hvað er til ráða? Þegar stórt er spurt, verður oft fátt um svör. Samfélag okkar einkennist af gífurlega hröðum breytingum á tækni, uppeldi og samskiptum fólks; siðboðum, væntingum og hlutverkum. Samkvæmt norður-írskum rannsóknum virðist gæta verulegs klofnings milli væntinga til karlmennsku og þess veruleika, sem karlmenn búa við. Í karlmenskunni eru m.a. fólgnar væntingar um; styrk, afl, hugrekki, greind, góða heilsu, þroska og stjórn. En fjölda ungra karlmanna finnst þeir vera aflvana, veiklundaðir, hræddir, heimskir í skóla, lítt uppnæmir fyrir andlegri og líkamlegri heilsu sinni, og lifa í þeirri trú, að fullorðnir telji þá vanþroska. Hinn vitri samfélagsrýnir, Peter Brückner, sagði eitt sinn, að klofnings í samfélaginu gætti óhjákvæmilega í sálu hvers og eins. Þar hitt hann naglann á höfuðið.

Hið óábyrga kynjastríð, sem geisað hefur um áratugi skiptir máli í þessu sambandi. Drengir og stúlkur verða vitni að linnulausri og neikvæðri umfjöllun um karla. Dómgreindarlaus æsifréttasíbylja um ofbeldi karla gegn konum og óþokka karlkynsins bylur á skilningarvitum þeirra. Hvernig túlkar ungvíðið? Stúlkur munu væntanlega trú á því, að þær séu fórnarlömb drengja. Drengir munu vafalítið trú á því, að þeir séu illir. Er það hollt vegarnesti inn í framtíðina? Fjölmíðlar hljóta að bera ábyrgð. Það gera líka stjórnvöld, sem styrkja útbreiðslu þessa boðskapar beint og óbeint, t.d. áróðursstofnun SP og RÚV. Við lifum að sönnu nýja tíma með fjölda áskoranna. Til að mynda alast drengir (og stúlkur vitaskuld) nær einvörðungu upp meðal kvenna. Hvert geta drengir sótt sér fyrirmyndir, sem er þeim nauðsynlegt til að verða karlmenn?

Höfundur er ellilífeyrisþegi